

**Nd.**

**95. Nefndarálit**

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Búðahreppi landspildu úr Kjappeyrrarlandi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv. þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess. Þó álitur hún rétt, að undan kaupunum séu skilin námaréttindi, eins og venja er við sölu þjóð- og kirkjujarða. Samþykkti hún því að bera fram svohljóðandi

**BREYTINGARTILLÖGU:**

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Námaréttindi skulu þó undanskilin.

Alþingi, 2. nóv. 1945.

Jón Pálmason,	Bjarni Ásgeirsson,	Jón Sigurðsson.
form.	fundaskrifari, frsm.	
Barði Guðmundsson.	Sigurður Guðnason.	